

## Menningarnefnd Snæfellsbæjar

203. fundur Fimmtudaginn 30.september 2021 kl. 17:00 – 18:00, Röst

Fundinn sátu: *Erla Gunnlaugsdóttir, Jón Kristinn Ásmundsson, Ragnheiður Víglundsóttir og Rut Ragnarsdóttir.*

Fundargerð ritaði *Rut Ragnarsdóttir.*

### Dagskrá

#### *Jólaþorp*

Menningarnefnd mun halda jólaþorp í Félagsheimilinu Klifi. Vinna er komin í gang við framkvæmd og verður dagsetning auglýst síðar.

#### *Jólatónleikar*

Viðræður standa yfir við listamenn um árlega jólatónleika nefndarinnar. Dagsetning verður ákveðin síðar.

#### *Barnajól*

Ræddar hugmyndir að útfærslu á jólaskemmtun yngri kynslóðarinnar líkt og nefndin hefur staðið fyrir undanfarin ár. Frekari ákvörðun verður tekin á næsta fundi.

#### *Ljósmyndasýningar*

Ræddar voru hugmyndir hvort mögulegt væri að útbúa ljósmyndasýningu af verkum Helga Jónssar af fólki í Ólafsvík.

Eins kom Ragnheiður með beiðni frá sóknarnefnd Ólafsvíkurkirkju hvort hægt væri að fá verk í eigu Snæfellsbæjar til sýnis í safnaðarheimili. Nefndin styður þá hugmynd og benti Ragnheiði á að vera í sambandi við starfsmenn bæjarins.

#### *Styrkir til menningarverkefna*

Menningarnefnd auglýsti örstyrki til menningarverkefna fyrr í sumar, engar umsóknir bárust.

*Næsti fundur 12.október*